

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík, 4. maí 2017
Tilvísun: 1790

Styrkúthlutun 2017: Tjöruhús, Neðstikaupstaður, Ísafjörður

Minjastofnun Íslands þakkar umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna ofangreinds verkefnis. Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. 1.500.000 til verkþáttarins: **Endurnýjun stokka.**

Áður en verkefnið er hafið skal leita samráðs og samþykkis Minjastofnunar á tilhögun þess.

Styrkir 300 þúsund krónur og lægri eru að jafnaði greiddir út eftir að verkefnum hefur verið lokið og lokaskýrslu, sem Minjastofnun samþykkir, hefur verið skilað.

Unnt er að fá allt að 70 prósent af hærri styrkjum greidd eftir að Minjastofnun hefur verið upplýst um nánari tilhögun verkefnis og sýnt hefur verið fram á að verkefni sé sannanlega hafið. Eftirstöðvar styrks verða greiddar við verklok eftir að lokaskýrsla, sem Minjastofnun samþykkir, hefur verið lögð fram.

Lokaskýrslum skal skila til Minjastofnunar eigi síðar en 1. desember 2017.

Óheimilt er að verja styrk í önnur verkefni eða aðra verkþætti en hann er veittur til. **Vakin er sérstök athygli á að styrkur fellur niður við næstu áramót hafi hann ekki verið nýttur.** Mögulegt er vegna óviðráðanlegra aðstæðna og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að fresta styrk fram á næsta ár. Formlegt erindi, sem tilgreini ástæður frestsbeiðni, skal berast Minjastofnun fyrir lok úthlutunarárs.

Um styrki gilda úthlutunarreglur húsafriðunarsjóðs nr. 577/2016, sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar, www.minjastofnun.is, undir *Sjóðir*.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Eftirfarandi gildir jafnframt fyrir þær tegundir verkefna sem tilgreindar eru hér að neðan:

Styrkir til framkvæmdaverkefna

Til hliðsjónar við framkvæmdir skal hafa ritröð Húsafríðunarnefndar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is, undir *Gagnasafn*. Ef um byggingarleyfis-skylda framkvæmd er að ræða skal senda Minjastofnun rafrænt afrit af uppdráttum og verkeikningum, þ.e. sömu gögn og senda þarf til byggingarfulltrúa.

Styrkir til áætlanagerðar og undirbúnings framkvæmda

Í lokaskýrslu verkefna skal koma fram stutt saga húss/mannvirkis, uppmæling og reyndarteikning, ásamt uppdráttum og/eða greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Styrkir til húsakannana

Við skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana skal fara eftir skráningarstaðli og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands og nota skráningarform Minjastofnunar. Senda skal beiðni á netfangið husaskraning@minjastofnun.is til að óska eftir aðgangi að forminu.

Vakin er athygli á því að sé styrkþegi ekki skráður þinglýstur eigandi að a.m.k. 50 prósent hluta þess húss eða mannvirkis sem um ræðir þarf að afla skriflegs leyfis frá meirihluta eigenda eða eigenda að a.m.k. 50 prósent hluta. Skriflegt leyfi, undirritað af eigendum og vottað af tveimur aðilum, þarf að berast Minjastofnun Íslands áður en greiðsla styrks getur farið fram.

Styrkþega ber að fara eftir öllum þeim skilmálum og reglum sem gilda um styrki húsafríðunarsjóðs. Komi í ljós að þeim hafi ekki verið fylgt er Minjastofnun heimilt að krefjast endurgreiðslu styrks.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður